

### 13. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 17. mars 2015, A sal ÍSÍ í Laugardal

**Mættir eru:** Arnar Ólafsson, formaður, Einar Ólafsson, varaformaður, Kristinn Arason, meðstjórnandi og Kristín Ívarsdóttir, ritari. Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnafulltrúar, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður fimleika fyrir alla, Berglind Pétursdóttir, formaður tækninefndar kvenna, Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar og Axel Ólafur Þórhannsson, nefndarmaður úr tækninefnd karla.

Einar Ólafsson, setti fundinn kl. 19:41 og tók að sér fundarstjórn.

#### Til samþykktar

##### 1. Málþing um hreyfingu og þjálfun aldraða

Fræðslunefnd og nefndin Fimleikar fyrir alla munu halda málþing um Mikilvægi hreyfingar og þjálfunar fyrir aldurshópinn 50+. Aðilar nefndanna hafa fundað með þeim Margréti Bjarnadóttur og Óla Geir Stefánssyni sem hafa þjálfað þennan aldurshóp í gegnum tíðina og munum við vinna eftir þeirra óskum. Við leitum til stjórnar til að sambandið taki þátt í málþinginu varðandi kostnað við auglýsingu/-ar í fjölmiðlum til að ná til þeirra sem vinna með þennan hóp, margir minni hópar eru starfandi í bæjarfélögum og mikilvægt að ná til þeirra flestra.

Einnig óskað eftir fjármagni til að greiða fyrirlesurum, tveimur til þremur, fyrir sín erindi að upphæð 100.000 kr. plús/mínus. Hér verður sótt til Íþróttafraeðinga og sjúkrþjálfara.

Stefnt er á málþingið nú í apríl – júní og að það verði í salarkynnum ÍSÍ á 3. hæð og gert ráð fyrir kaffiveitingum.

Ekki búið að ákveða hvort eða þá hve mikið þátttökugjaldið er, mikilvægast er að FSÍ fái þá einstaklinga sem sinna þessari þjálfun og áhugafólk um hreyfingu eldra fólks til leiks og hægt í framtíðinni að byggja ofan það með frekari þjónustu innan fimleikanna.

Það hefur lengi verið mikil pressa á að vinna meira í þessum málaflokki. Útvíkkun á sýningarfimleikum og óskir í gegnum tíðina um að sinna 50+ betur og öldruðum sem er stór hópur í fimleikum, sérstaklega á Norðurlöndum, Sviss og Austurríki. 2 – 3 fyrirlesarar og svo pallborðsumræður. Það eru til svona hópar út um allt land. Markmiðið með þessu er að reyna ná þessu fólki saman. Í mörgum bæjarfélögum eru margir litlir hópar sem ættu að vera starfa saman. Svo væri hægt að fara út í sýningar o.s.frv. Gymanstrada, Golden Age og fleira er vettvangur fyrir þetta fólk. Fyrir 30 mín – klukkustund eru fyrirlesarar að taka 30 – 60 þúsund krónur fyrir. Jafnframt yrði kostnaður vegna auglýsingu í dagblöðin, erfitt að ná þessu fólki í gegnum samskiptamiðla. Ef við byrjum þetta svona, þá óskum við eftir því að fólk komi fram skoðunum sínum um hvað þau hafa áhuga á að gera í framhaldinu. Erum að reyna mynda tengslanet við þessa hópa sem stunda líkamsrækt og leikfimi. Reyna ná þessum hópum inn í félögin fyrri hluta dags. Væri hægt að reyna auglýsa þetta ókeypis ef við finnum áhugaverðan fréttavinkil. Ca. 100 þúsund kall, aukakostnaður sem er óaugljós gæti verið auglýsingar.

**Niðurstaða:** Stjórn samþykkir erindið og er til í að taka þátt í þessum kostnaði.

## Til umræðu

### 1. Dómaramál, erindi frá Fimleikafélaginu Björk

Kvörtun frá Fimleikafélaginu Björk vegna fagmennsku karladómara á móti sem þeir héldu. Nefndarmeðlimur tækninefndar karla mætti á svæðið og bað formlega afsökunar á þessu og bar stjórn mikla virðingu fyrir því. TK ætlar að taka TKV sér til fyrirmyndar og sýna meiri fagmennsku í framtíðinni.

## Önnur mál

### 1. Stjórnarseta/nefndarseta

Í dag er það þannig að stjórn situr bara í eitt ár, viljum við ekki breyta í að minnsta kosti 2 ár? Þetta hefur verið rætt áður, en engin niðurstaða var í því máli. Rök með og á móti. Formaður stjórnar og formenn nefnda þurfa að gefa kost á sér 2 vikum fyrir þing áður en þeir vita með hverjum þeir vinna. Gætu t.d. verið 5-7 sem vinnur í nefnd í stað 5.

Fundi slitið 20:21.

Næsti fundur þriðjudaginn 31. mars 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.